

# Alphaloxan Flex

## Teygjanleg síloxanmálning



### Efnislýsing

Alphaloxan Flex er teygjanleg síloxan akrýlmálning (steinsílanmálning), ætluð til notkunar utanhúss. Í Alphaloxan Flex málningunni sameinast bestu eiginleikar steinefna- og plastmálningar; hún hleypir raka vel í gegnum sig en er regnheldin og afar teygjanleg, jafnvel við lágan lofthita. Hún hentar því mjög vel á netsprungnar múrklæðningar og steinsteypu. Alphaloxan Flex er ætluð til notkunar jafnt á slétta sem grófa fleti. Framleiðendur múrklæðninga mæla eindregið með síloxanmálningu á öll múrkerfi, bæði við nýmálun og endurmálun.

### Meðhöndlun

#### Nýmálun

Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Ráðlegt er að grunna fyrst ómálaðan múr sem stendur áveðurs með Mur-Sílan (mónósílan). Berið Alpha Primer Exterior eða Professional Microdispers á mjög gljúpa og illa bundna fleti. Málið síðan tvær umferðir af Alphaloxan Flex.

#### Endurmálun

Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Málið síðan tvær umferðir af Alphaloxan Flex. Á netsprungna fleti skal grunna fyrst með Alpha Primer Exterior áður en málaðar eru 2-3 umferðir af Alphaloxan Flex. Í stærri sprungur skal fylla með Alphacoat kvartsfylltum fylligrunni eða sementsbundnu viðgerðarefni, t.d. Husrep, og grunna svo með Alpha Primer Exterior. Loks skal mála 2-3 umferðir af Alphaloxan Flex.

*\*Sjá einnig verklýsingarblöð um málun á múrklæðningum, steinsteypu, sprungnum veggjum og vatnsbrettum á heimasíðu Sérefna.*

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fötunni vandlega. Þrífðið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss  
**Tegund:** Síloxan akrýl  
**Gljástig:** Matt - satín  
**Bindiefni:** Síloxan akrýl  
**Öndunareiginleikar:**  $\mu\text{m d. H}_2\text{O}$ : 0,02 m,  $\mu\text{m d. CO}_2$  0,1 m (tvær umferðir)  
**Sveigjanleiki:** 300% við 23°C; 80% við 0°C  
**Hiti við málun:** 5-35°C  
**Verkfæri:** Penslar, rúllur eða málningarsprautur  
**Sprautun:** Þynnið mest 15%. Þrýstingur: 160-180 bör. Spíssastærð: 0,017-0,019"  
**Þynning:** Mest 5% vatn  
**Ráðlögð þykkt:** Þurr: Um 100 míkron  
**Yfirmálun:** Um 16 klst  
**Seigja:** 130-140 KU  
**Þéttleiki:** Um 1,49 kg/dm<sup>3</sup>  
**Þurrefni:** Um 69% af vigt  
**Þekja:** 5-7 m<sup>2</sup>/L. Efnisþörf veltur á undirlagi og aðferð við málun. Mælt er með að prófa efnið á litlum bletti áður en verk hefst  
**Litur:** Allir litir  
**Umbúðir:** 10 lítra fötur  
**Hreinsun verkfæra:** Vatn  
**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými  
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/c) 40 g/l (2010). Inniheldur mest 10 g/l